

123. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldin að Austurvegi 56, Selfossi, miðvikudaginn 13. apríl kl. 9:00.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson

1. Málafni Förgunar ehf.

Framkvæmdastjóri kynnti málafni Förgunar en KB banki hefur tilkynnt að verksmiðjunni verði lokað 15. apríl n.k. Komi sú ákvörðun til framkvæmda mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar og skapa mikil vandamál við förgun á sláturúrgangi og hættu á sóttmengun.

Sorpstöð Suðurlands sendir frá sér svohljóðandi ályktun:

”Sorpstöð Suðurlands lýsir miklum áhyggjum vegna ákvörðunar um lokun verksmiðju Förgunar. Jafnframt harmar stjórnin að yfirvöld skuli ekki fyrir löngu hafa sett fram þær reglur er tryggja örugga meðhöndlun sláturúrgangs og þar með tryggt grundvöll meðhöndlunarlausna eins og verksmiðja Förgunar starfrækir.”

Til þess að bregðast við þeirri stöðu sem á undan er lýst samþykkir stjórn Sorpstöðvarinnar að veita tímabundna undanþágu frá gildandi reglum um hitameðhöndlun sláturúrgangs. Undanþágan gildir í allt að fjóra mánuði en verður endurskoðuð á mánaðar fresti. Framkvæmdastjóra er falið að semja reglur um formeðhöndlun sem gilda á undanþágutímanum.

2. Aðalfundur 2005.

Ákveðið var að halda aðalfund þann 10. maí kl 10:30 að Austurvegi 56.

3. Umsókn um styrk.

Elfa Dögg Þórðardóttir sækir um styrk við gerð mastersverkefnis. Verkefnið er rannsóknarverkefni og miðar að því að taka saman gögn um magn lífmassa á suðvesturlandi, kynna tillögur að leiðum til hagkvæmrar nýtingar á lífmassa og kostnaðar-ábatagreiningar af þeim leiðum.

Sorpstöð Suðurlands samþykkir að veita Elfu 100 þúsund króna styrk og sem nemur eins mánaðar aðstöðu á skrifstofuhótelu Sunnan 3.

4. Tillaga að breyttu deiliskipulagi á Kirkjuferjuháleigu.

Svanhildur Gunnlaugsdóttir kom inn á fundinn og kynnti deiliskipulagstillögurnar og hvernig málið er statt. Samþykkt að senda kynntar tillögur í formlegt umsagnarferli.

5. Önnur mál.

Styrkbeiðni Fræðslunets Suðurlands.

Sorpstöð Suðurlands samþykkir að styrkja ráðstefnuna um 100 þúsund krónur.

6. Verkfræðistofan Hönnun kynnir starfsemi sína.

Torfi Sigurðsson, Axel Valur Birgisson og Reynir Elíeserson komu inn á fundinn og kynntu starfsemi verkfræðistofunar Hönnunar hf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45

Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson, Guðm. T. Ólafsson

Bls.3